

## Efnistaka úr Undirhlíðum

### Álit um matsáætlun

#### 1 Inngangur

Þann 17. september 2024 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar vegna fyrirhugaðrar efnistöku úr Undirhlíðum, Hafnarfirði samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hafnarfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar um matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar.

Matsáætlun var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 4. október 2024 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími matsáætlunar var frá 4. október 2024 til 4. nóvember 2024.

#### 2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Efnistaka úr Undirhlíðum. Matsáætlun. VSÓ Ráðgjöf – Hafnarfjarðarbær. September 2024.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Hafnarfjarðarbæ 14. nóvember 2024
- Heilbrigðiseftirliti Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness 4. nóvember 2024
- Minjastofnun Íslands 4. nóvember 2024
- Náttúrufræðistofnun Íslands 4. nóvember 2024
- Umhverfisstofnun 1. nóvember 2024
- Vegagerðinni 5. nóvember 2024

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila þann 29. desember 2024.

#### 3 Framkvæmd

Í matsáætlun framkvæmdaraðila eru kynnt áform Hafnarfjarðarbæjar um efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði og gerð grein fyrir hvernig fyrirhugað er standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Hafnarfjarðarbær áformar að hefja að nýju efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sunnan Bláfjallavegar. Efnistaka hefur farið fram norðan vegarins en þeirri efnistöku lauk árið 2009 þegar sú náma var fullnýtt. Í fyrirhugaðri framkvæmd er gróflega áætlað að hægt sé að vinna um 5-6,5 milljónir m<sup>3</sup> af föstu efni. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fari efnistakan fram í fjórum áföngum og er áætlað að vinna einn áfanga í einu og óheimilt að hefja vinnslu nema þegar búið er að ganga frá hverjum áfanga fyrir sig. Áætlað er að hægt sé að vinna hvert svæði niður í 20-30 m en að



hámarks leyfileg vinnslustærð sé um 150.000 – 300.000 m<sup>3</sup> á ári og að hvert svæði geti gefið af sér að hámarki 1.500.000 m<sup>3</sup> í fimm ár samanlagt. Í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir því hvort lögð sé til sama áfangaskipting eða hvort önnur sé talin fýsilegri. Við frágang verði efnistökusvæðið lagað að umhverfinu. Í gildandi deiliskipulagi koma fram ýmsar kvaðir varðandi frágang á svæðinu að vinnslu lokinni s.s. að verktaka sé skylt að binda opinn jarðveg með blönduðu fræi og að það sé gert sama ár og lokið sé við efnisvinnslu hvers áfanga fyrir sig og að einungis verði notast við tegundir sem falli undir skilgreininguna „íslenskur gróður“ eða „náttúrulegur gróður“. Í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir frágangi á svæðinu.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar.

## 4 Álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matsáætlun framkvæmdaraðila ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laga nr. 111/2021 skal álit Skipulagsstofnunar fela í sér leiðbeiningar til framkvæmdaraðila um vinnslu, efni og framsetningu umhverfismatskýrslu. Álit Skipulagsstofnunar er bindandi fyrir framkvæmdaraðila og skal hann leggja það til grundvallar umhverfismatskýrslu ásamt matsáætlun. Að öðru leyti er kveðið á um kröfur til umhverfismatskýrslna í 22. gr. laga nr. 111/2021 og 15. gr. reglugerðar um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í matsáætlun framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.

### Valkostir

Í matsáætlun Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði fjallað um valkosti sem varði efnismagn, en niðurstöður matsins verði nýttar til þess að leggja til hversu mikið magn verði tekið úr námunni svo efnistakan hafi sem minnst áhrif á umhverfið. Einnig varðandi legu Bláfjallavegar og svo til samanburðar verði fjallað um núllkost.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins er hvatt til þess að horft verði til fleiri valkosta, s.s. námuvinnslu utan verndarsvæða vatnsbóla.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er almennt tekið undir þá skoðun að efnistaka sé á fáum en vel skipulögðum svæðum og að í um 3 km fjarlægð suðvestan við Bláfjallaveg sé Vatnsskarðsnáma sem hafi farið stækkandi á síðustu árum og ætti að meta þann kost fyrir efnisþörf þrátt fyrir að náman sé innan sveitarfélagsmarka Grindavíkurbæjar og hlífa þannig Undirhlíðum sunnan við Bláfjallaveg við frekara raski.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á efnistöku á öðrum stöðum innan Hafnarfjarðarbæjar falli ekki að markmiðum framkvæmdarinnar, sem sé að hefja efnistöku bólstrabergs að nýju úr Undirhlíðum, innan sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar. Engar námur séu í notkun í Hafnarfirði um þessar mundir en töluverð uppbygging íbúða sé áætluð í Hafnarfjarðarbæ og efnistaka bólstrabergs mikilvæg fyrir slíka uppbyggingu. Í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir áhættumati vegna staðsetningar framkvæmdar innan fjarsvæðis vatnsverndar. Í umhverfismatskýrslu verði fjallað um áhrif mismunandi valkosta, þ.e. annars vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn sem liggur um svæðið yrði færður og hins vegar áhrif framkvæmda ef vegurinn yrði ekki færður. Í umhverfismatskýrslu verði lagt mat á hámarksefnistöku á svæðinu sunnan Bláfjallavegar (Leiðarendavegar).



Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og setja fram upplýsingar um helstu ástæður fyrir þeim valkosti sem var valinn, með tilliti til umhverfisáhrifa framkvæmdarinnar. Skipulagsstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við áform framkvæmdaraðila um valkostaumfjöllun í umhverfismatskýrslu.

### **Framkvæmd**

Í matsáætlun kemur fram að ekki liggi fyrir hvaða aðilar munu vinna efni úr námunni og því liggi ekki fyrir nákvæmlega hvert efnið úr námunni verði flutt en að líklega yrði það að mestu leyti flutt í Hafnarfjörð og á Höfuðborgarsvæðið og fari flutningarnir þar af leiðandi um Bláfjallaveg, Krýsuvíkurveg og líklega Reykjanesbraut. Einnig kemur fram að ekki liggi fyrir hvenær efnistakan muni eiga sér stað nákvæmlega en að búast megi við að efnistakan standi yfir í einhverj ár.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að mikilvægt sé að tekið sé tillit til úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 2004 og gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem þar eru sett fram varðandi grunnvatn og áætlun um efnistöku. Auk þess telji stofnunin að ekki komi skýrt fram í matsáætlun hversu mikið efni áætlað sé að vinna úr Undirhlíðum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við gerð umhverfismatskýrslu verði horft til úrskurðar Skipulagsstofnunar frá 2004 og gerð grein fyrir skilyrðum stofnunarinnar þar sem það eigi við, en tekið verði mið af því að lagaumhverfi umhverfismats hafi breyst á þessum tíma og framkvæmd og aðstæður gætu hafa breyst síðan fyrra umhverfismat var unnið. Varðandi magn sem unnið verði svarar framkvæmdaraðili því til að mat verði lagt á hámarksefnistöku á svæðinu sunnan Bláfjallavegar en að umfang efnistöku, þ.e. afmörkun og magn, muni taka mið af niðurstöðum umhverfismatsins þar sem leitast verði við að draga sem kostur úr áhrifum á umhverfið.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að mikilvægt sé að í umhverfismatskýrslu verði lagt mat á áhrif efnisflutninganna á Leiðarendaveg og Krýsuvíkurveg og að þörf sé á því að meta burðarþol veganna m.t.t. fyrirhugaðra þungaflutninga auk greininga á umferðaröryggi. Til að slíkt sé mögulegt þurfi að liggja fyrir yfirlit yfir fjölda farartækja, hversu tíðar ferðirnar verða og dreifing yfir daga og sólahring. Enn fremur sé æskilegt að greina umferðastrauma frá námunni til helstu notenda eða hafnar og mat á áhrifum á helstu þjóðvegi sem flutningar muni fara um.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hafnarfjarðarbær sé framkvæmdaraðili en muni leigja vinnsluréttindi til verktaka. Þar sem ekki liggi fyrir hvaða aðilar munu vinna efni úr Undirhlíðum, liggi ekki fyrir nákvæmlega hvert efnið úr Undirhlíðum verði flutt. Líklega verði það þó að mestu leyti flutt í Hafnarfjörð og/eða á höfuðborgarsvæðið. Í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir áætluðu umfangi efnisflutninga frá námunni. Áhersla verði á að leggja mat á áhrif efnisflutninganna á Bláfjallaveg (Leiðarendaveg) og Krýsuvíkurveg þar sem ekki liggi fyrir hvert nákvæmlega efnið verði flutt.

Skipulagsstofnun tekur undir með Vegagerðinni um að fjalla þurfi nánar um tilhögun efnisflutninga s.s. áætlaðan fjölda ferða á dag og hvort áformað sé að það verði allan ársins hring.

Matsáætlun inniheldur ekki skýrar upplýsingar um magn efnistöku eða starfstíma námunnar. Í því ljósi bendir Skipulagsstofnun á að lengd starfstíma skiptir máli við mat á vægi umhverfisáhrifa og að áhrifin geta verið breytileg eftir umhverfisþáttum. Ef ekki stendur til að setja fram ákveðinn starfstíma og hámarksefnistöku á ári ætti að setja fram ólíkar sviðsmyndir er varða starfstíma og hraða efnistöku og meta áhrif af verstu raunhæfu sviðsmynd fyrir hvern umhverfisþátt.

### **Landslag og ásýnd**

Í matsáætlun kemur fram að stækkun efnistökusvæðisins muni koma til með að breyta ásýnd svæðisins. Við mat á áhrifum á ásýnd verði litið til þess hvort framkvæmdin komi til með að breyta



einkennum og gildi landslags eða ásýnd svæðisins. Í umhverfismatsskýrslu verði útbúin ljósmyndapör sem sýni mögulegt útlit valkosta fyrir og eftir framkvæmd. Leitast verði við að velja staði á vegum og útivistarsvæðum eða öðrum stöðum þar sem fólk er líklegt til að koma auga á viðkomandi framkvæmd.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á landslag og ásýnd.

### **Verndarsvæði og jarðminjar**

Í matsáætlun kemur fram að á svæðinu séu eldhraun og eldvörp sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Einnig liggi Kapelluhraun og Skúlatúnshraun, sem séu eldhraun sem njóta sérstakrar verndar, upp að Undirhlíðum auk þess sem klepra- og gjallgíga sé að finna undir hlíðum Undirhlíða, sem njóti sömuleiðis sérstakrar verndar. Fram kemur að ekki sé talið að það komi til rasks á þessum jarðminjum við efnistöku úr Undirhlíðum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar leggur stofnunin áherslu á að fjallað sé um hraun sem njóti sérstakrar verndar í umhverfismatinu og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt sé að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Leyfisveitanda er heimilt að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbærni sem verða fyrir röskun.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdarsvæðið sjálft sé ekki á eldhrauni og ekki talið að komi til rasks á þessum jarðminjum við efnistöku úr Undirhlíðum. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð frekari grein fyrir áhrifum framkvæmda á jarðminjar og lagðar til mótvægisáðgerðir þar sem þörf er talin á. Sótt verði um tilskyld leyfi fyrir framkvæmdinni, þar með talið framkvæmdaleyfi. Þar verði greint frá brýnni nauðsyn ef framkvæmdin er talin fela í sér rask á svæðum sem njóti sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við mat á áhrifum á verndarsvæði og jarðminjar eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum Hafnarfjarðarbæjar við umsögn Umhverfisstofnunar.

### **Vatnafar**

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdasvæðið sé á fjarsvæði vatnsverndar og að fyrir umhverfismatsskýrslu verði unnið áhættumat til þess að meta hættu á mengun grunnvatns við efnistöku úr Undirhlíðum. Á svæðinu sé eitt grunnvatnshlot; Straumsvíkurstraumur nr. 104-265-G. Fram kemur að grunnvatnshlotið sé ekki metið í hættu þrátt fyrir að í því sé skráð þekkt álag, m.a. staðbundið álag vegna iðnaðarstarfsemi á Völlunum. Í umhverfismatsskýrslu verði gerð grein fyrir því hvort framkvæmdin samræmist stefnumörkun vatnaáætlunar og laga um stjórn vatnamála.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að unnin hafi verið samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma eftirlitsins (555/2015). Þar sem efnistökusvæðið sé á fjarsvæði vatnsverndar og verði öll landnotkun að falla að forsendum vatnsverndar og eru allar framkvæmdir á svæðinu háðar starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil nema það sé tiltekið í starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Gera þarf áhættumat sem nái bæði til framkvæmda og reksturs og jafnaframt þarf fullnægjandi viðbragðsáætlun að vera til staða fyrir svæðið.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að yfir standi vinna við gerð áhættumats vegna staðsetningar framkvæmdar innan fjarsvæðis vatnsverndar. Gerð verði grein fyrir niðurstöðum áhættumats í umhverfismatsskýrslu og hvaða skilyrði verði sett fyrir framkvæmdina.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að mikilvægt sé að fjallað sé um hverjir séu þeir þættir sem geti haft áhrif á grunnvatnið. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðabætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar muni valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum og skal slíkt áhrifamat m.a. innihalda upplýsingar um núverandi ástand vatnshlots, hvernig framkvæmdin hafi áhrif á gæðabætti sem notaðir eru til að ástandsmeta vatnshlotið, mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið náist ekki, hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif og samlegðaráhrif allrar starfsemi sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið. Stofnunin bendir á að mikilvægt sé að framkvæmdaraðili sé upplýstur um að ítarlegra áhrifamat þurfi að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdirnar er veitt og að þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefi út þurfi að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatsskýrslu verði lagt mat á áhrif framkvæmdanna á vatnshlot í samræmi við lög um stjórn vatnamála (nr. 36/2011) og reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun (nr. 535/2011). Fjallað verði um þau atriði sem Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni í umhverfismatsskýrslu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á vatnafar, eins og þeim er lýst í matsáætlun og svörum Hafnarfjarðarbæjar við umsögnum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitsins en bendir á nýútgefnar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot.<sup>1</sup>

### **Lífriki á landi**

Í matsáætlun kemur fram að fyrirtækið Rorum verði fengið til að meta núverandi ástand gróðurs á svæðinu og verði vistgerðir kortlagðar og tegundaskráning unnin. Einnig verði í umhverfismatsskýrslu gerð grein fyrir því hvort skógræktarsvæði sé innan fyrirhugað framkvæmdasvæðis og metið hvort framkvæmdin komi til með að hafa áhrif á hana. Fram kemur að fuglarannsókn hafi verið unnin árið 1999 og var niðurstaða hennar að dýralíf á svæðinu var talið frekar rýrt. Til að meta núverandi ástand muni Rorum endurtaka rannsóknina frá 1999 og verði niðurstöður settar fram í stuttri skýrslu og bornar saman við skýrsluna frá 1999.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á lífríki á landi.

### **Hljóðvist**

Í matsáætlun kemur fram að áhrif framkvæmdanna á hljóðvist verði einkum vegna efnisflutninga og hávaða frá vinnuvélum á framkvæmdasvæðinu. Notast verði við fleygun en einnig gæti þurft að sprengja til að losa efni.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins kemur fram að núverandi byggð sé komin miklu nær svæðinu en á fyrri tíma námunnar og mikilvægt sé að í skýrslunni verði lagt mat á áhrif starfseminnar á núverandi íbúðabyggð með tilliti til hávaða og einnig vegna efnisflutninga. Þá sé mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum hávaða á útivist í nágrenni námunnar og hvaða mótvægisáðgerðir séu mögulegar til að takmarka áhrif námuvinnslu á útivist og nýtingu á fólkvangnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram skv. matsáætlun verði í umhverfismatsskýrslu m.a. lagt mat á hvort gildin fyrir hljóðvist muni vera innan viðmiðunarmarkna og að í umhverfismatsskýrslu

<sup>1</sup> <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/ahrifamat-fyrir-vatnshlot/>



verði lagt mat á áhrif efnistökkunnar á útivist og nýtingu á fólkvanginum og greint frá mögulegum mótvægisáðgerðum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á hljóðvist.

### **Útivist og ferðaþjónusta**

Í matsáætlun kemur fram að framkvæmdasvæðið sé innan Reykjanesfólkvangs, sem er friðlýst svæði og talið tilvalið til útivistar og náttúruskoðunar. Við framkvæmdasvæðið er einnig svæði sem nýtur hverfisverndar (Hvb18) vegna þjóðleiða, fornleifa og gervigíga. Í umhverfismatskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdanna á útivist og ferðaþjónustu og verður það m.a. gert með því að skoða rannsókn sem framkvæmd var af rannsóknamiðstöð Ferðamála vegna Suðurnesjalínu 2. Einnig verði niðurstöðu úr mati á hljóðvist og ásýndarmyndir hafðar til hliðsjónar við matið.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á útivist og ferðaþjónustu.

### **Fornleifar**

Í matsáætlun kemur fram að við fyrirhugað efnistökusvæði sé svæði sem njóti hverfisverndar (Hvb18) vegna þjóðleiða, fornleifa og gervigíga. Deiliskipulag geri ráð fyrir að efnistökusvæðið sé að litlu leyti innan þessa svæðis.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að gamlar götur og vörður séu vitnisburður um fornari leiðir og hafi þær gildi sem minjaheildir. Leiðir þessar séu vinsælar til göngu og útivistar. Auk beinna áhrifa á fornleifar gæti framkvæmdin þannig einnig haft sjónræn áhrif á menningarlandslagið og upplifunargildi svæðisins. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þess við frekara skipulag efnistöku á svæðinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði lagt mat á áhrif framkvæmda á fornleifar og útivist og ferðaþjónustu.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á fornleifar.

### **Náttúruvá**

Í matsáætlun kemur ekkert fram um náttúruvá en í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að mikilvægt sé að gerð sé grein fyrir náttúruvá er varði jarðskjálfta og eldvirkni í eða í nágrenni við Undirhlíðar og bendir á nýlega skýrslu Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 2021 um náttúruvá á framkvæmdasvæði Lyklafellslínu sem geri vel grein fyrir náttúruvá við Undirhlíðar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismatskýrslu verði gerð grein fyrir náttúruvá á svæðinu. Notast verði við fyrirbyggjandi gögn, m.a. skýrslu Jarðvísindastofnunar sem Náttúrufræðistofnun bendir á.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á náttúruvá.

Reykjavík, 9. janúar 2025

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

